

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 160 000.00 svo og það fé, er síðar kann að renna til hans, skal ávaxta á öruggan hátt, og ef unnt er þannig, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir hans.

4. gr.

Rektor Menntaskólans í Reykjavík hefur með höndum stjórn sjóðsins. Reikningur hans skal árlega birtur í skýrslu skólans.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. h. stofnenda,
Ármann Kristinsson.

31. maí 1967.

Nr. 88.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 3 11. janúar 1967 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Úr 1. gr. reglugerðarinnar falli:

Tollskrá

Kafli Nr.

- 58 07 02 Garn og kaðlar til veiðarfæragerðar úr polyethylen og polypropylen, sem vegur 0.5 gr. meterinn eða meira, þó ekki fléttaðir kaðlar úr sama efni, 10 mm í þvermál eða meira.
- 59 05 01 Fiskinet úr polyethylen og polypropylen, þó ekki net úr nylon og öðrum gerfiefnum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

2. júní 1967.

Nr. 89.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sjúkrahjálp, nr. 235 12. nóvember 1965.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Forstöðukonu Landspítalans er heimilt að veita sjúkraliðaréttindi þeim, sem lokið hefur prófi í sjúkrahjálp við erlent sjúkrahús, ef hún telur námið jafngilda námi